

## GJALDSKRÁ

### fyrir byggingarleyfisgjöld á varnarsvæðum.

#### 1. gr.

Byggingarleyfisgjöld, þ.e. gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirkjum, skulu innheimt af byggingum í eigu íslenskra aðila á varnarsvæðum.

#### 2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast innheimtu byggingargjalda á varnarsvæðum.

Gjaldið skal vera kr. 2 076,00. Fyrir nýbyggingar skal að auki greiða allt að kr. 20,76 fyrir hvern teningsmetra af rúmmáli byggingarinnar. Botnplata skal ekki reiknuð með rúmmálinu sbr. ÍST. 50.

Fyrir leyfi til að breyta húsi eða notkun þess, rífa hús eða önnur mannvirki, gera bifreiðastæði eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins skal greiða varnarmálaskrifstofu kr. 2 076,00.

Varnarmálaskrifstofu er heimilt að taka gjöld fyrir úttektir og vottorð sem skipulags- og byggingarnefnd varnarsvæða lætur í té, sbr. reglugerð nr. 75/1982 um skipulagsmál á varnarsvæðum.

#### 3. gr.

Byggingarleyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Fyrir endurnýjun leyfis óbreytt skal greiða kr. 2 076,00.

#### 4. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem þá var 189,6 stig, og skulu breytast í samræmi við breytingar á henni. Ber í því efni að miða við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

#### 5. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins innheimtir öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá.

Byggingarleyfi skulu eigi veitt fyrr en tilskilin gjöld hafa verið greidd.

Öll gjöld skv. þessari gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., sbr. 10. tl. 14. gr. auglýsingar um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um stjórnarráð Íslands nr. 96 31. desember 1969, sbr. VII. kafla byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978 og kafla 9.2. í byggingarreglugerð nr. 177 6. maí 1992.

Gjaldskrá þessi gildir frá 7. maí 1993.

*Utanríkisráðuneytið, 10. maí 1993.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Róbert Trausti Árnason.*